

44
19. maí

L Ö G

um

refaveiðar og refarækt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Um refaveiðar.

1. gr.

Skylt er sýslunefndum að sjá um, að hreppsnefndir hafi umsjón og eftirlit með eyðing refa, eins og lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Sérhver hreppsnefnd skal á hverju vori annast um grenjaleitir og grenjavinnslu í heima- og afréttarlöndum hreppsins, hvort heldur sem lönd þessi liggja innan eða utan sýslufélagsins.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman, og annast þeir þá í sameiningu um grenjaleitir.

Heimilt er sýslunefndum að veita þeim hreppum undanþágu frá grenjaleitum, er fullvist þykir, að ekkert gren sé til í heima- eða afréttarlöndum, eða þar hafi ekki fundizt dýr síðustu árin.

3. gr.

Hreppsnefnd eða þeir, er upprekstrarfélag velur eða sameiginlegur fjallskilafundur fleiri hreppa, skulu ráða einn eða fleiri skotmenn til grenjavinnslu í þeim löndum, er þeim ber að annast um samkv. 2. gr. Skal hann (þeir) reiðubúinn til grenjavinnslu hvenær sem gren finnst, ásamt með vökumanni, sem ráðinn er af sömu aðiljum og skotmaður tekur gildan.

4. gr.

Óheimilt er öðrum en þeim, sem til þess eru ráðnir samkvæmt 3. gr.,

að vinna gren eða taka yrðlinga, nema atvik liggi svo til, að ekki hafi náðst í skotmann í tæka tíð.

44
19. maí

5. gr.

Þegar gren finnst, hvort heldur er í grenjaleit eða ekki, skal það ekki yfirgefið, ef kostur er. En finni það einn maður og geti ekki komið vitneskju til næsta bæjar nema fara sjálfur, skal hann gera það, en flýta skal hann sem mest för sinni og þegar í stað fara á grenið aftur og ekki yfirgefa það fyrr en skotmaður kemur. Þó er ferðamanni ekki skylt að fara aftur á gren, þó finni. En skyldur er sá, sem vitneskju fær, að aðvara skotmann tafarlaust. Skal sá, er þannig varðveitir gren eða aðvarar skotmenn, fá hæfilega þóknun fyrir ómök sín.

6. gr.

Allir yrðlingar, sem teknir eru á greni eða annarsstaðar á víðavangi, eru eign þess sveitarfélags eða sveitarfélaga, er annast um grenjavinnslu á því svæði samkv. 2. gr., enda greiði sveitarfélagið eða sveitarfélögin allan kostnað við grenjavinnsluna.

Heimilt er þó ábúanda að taka þátt í grenjavinnslunni á þann hátt að bera helming kostnaðar af greni, er finnst í landi hans. Allur annar refaveiðakostnaður greiðist þá af sveitarsjóði eða sveitarsjóðum (fjallskilasjóði), ef fleiri en einn hreppur eiga afrétt saman.

Yrðlingar og aðrar tekjur af grenjavinnslunni skiptast þá einnig eftir sömu hlutföllum og greiðsla kostnaðar.

Tilkynning ábúanda um, að hann kjósi að taka þátt í grenjavinnslunni, skal vera skrifleg og afhent hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, eða fjallskilastjóra þar, sem fleiri hreppar eiga afrétt saman, fyrir fyrsta sumardag áður en grenjavinnsla fer fram.

7. gr.

Borgun til skotmanns og vökumanns fer eftir því, sem um semst við hreppsnefnd eða trúnaðarmann upprekstrarfélags eða leitarsvæðis.

Nú er gren unnið að einhverju eða öllu leyti á þann hátt, er segir í niðurlagi 4. greinar, og skal þá sá, er dýrunum náði, fá borgun, sem ekki má vera undir helmingi þess, sem hinn ráðni skotmaður hefði fengið, og aldrei meiri en hann hefði haft.

8. gr.

Hreppsnefndir eða þeir, sem valdir hafa verið til þess að sjá um refaeyðing samkvæmt ákvæðum annarar málsgreinar 2. gr., skulu fyrir 1. desember ár hvert leggja fram sundurliðaðan reikning yfir tekjur og kostnað við refaeyðing í afréttar- eða heimalöndum þeirra.

9. gr.

Nú vinnast hlaupadýr á öðrum tíma en grenjaleit fer fram, og á þá

44 skotmaður 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann sannar, að hann hafi unnið.
19. maí Sýslunefnd getur þó hækkað eða lækkað gjald þetta.

Greiðist gjaldið úr hlutaðeigandi sýslusjóði.

10. gr.

Engu má raska á grenjum nema með samþykki og að fyrirsögn sveitarstjórna. Ekki má láta hunda hlaupa á gren á grenjavinnslutímanum né hafa þar óþarfan umgang eða hark.

11. gr.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir öll þekkt gren og gerir stutta lýsingu á þeim. Hún skal láta byggja vörður og skotbyrgi við gren, þar sem þörf er á, og halda þeim við. Hún getur og látið laga skemmd gren, sem auðunnin eru, en ónýta önnur, sem torunnin eru.

12. gr.

Sýslunefndum er heimilt að setja með reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið staðfestir, nánari reglur um framkvæmd laga þessara innan sýslunnar, svo sem um grenjaleitir, grenjavinnslu og kaupgreiðslu til skotmanna og annað, er lýtur að eyðing refa.

II. KAFLI.

Um refarækt.

13. gr.

Hver sá, er ætlar að setja á stofn refaræktarbú eða stunda refaeldi, þarf til þess leyfi sýslunefndar. Það telst refaræktarbú, þar sem refir eru aldir árlangt, en refaeldi þar, sem refir eru aldir skemmri tíma, hvort sem fleiri eru eða færri.

14. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum eða annari öruggri vörzlu. Nú sleppur refur úr vörzlu og næst ekki. Skal þá eigandi sæta að minnsta kosti 200 kr. sekt fyrir hvert dýr, sem sleppur.

15. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um öryggi refa-girðinga, geymslu og flutning refa og um lækniseftirlit með refaræktarbúum. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu hafa sérstakt eftirlit með því, að geymsla refa sé svo örugg sem reglugerð ákveður.

16. gr.

Eigi má flytja út refi lifandi, nema þeir séu fallegir og vel aldir og

fylgi dýralæknisvottorð hverri útflutningssendingu um ástand og heilbrigði dýranna á útflutningsdegi og hvort yrðlingar séu eða eldri dýr.

44
19. maí

Þessi vottorð skulu staðfest af lögreglustjóra eða umboðsmanni hans.

Eigi má flytja út yrðlinga fyrir 20. sept. Atvinnumálaráðherra getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

17. gr.

Hvert refaræktarbú og annað refaeldi er skyldugt að borga allan kostnað, er eftirlit og annað, er búið varðar, hefir í för með sér, eftir reikningi. Verði ágreiningur um reikning, sker sýslunefnd úr.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslusjóð þar sem brotið er framið, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi fallnar reglugerðir þær um grenjavinnslu og refarækt, er sýslunefndir hinna einstöku héraða hafa sett, að því leyti er þær koma í bága við lög þessi eða reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur um refagirðingar.

Svo eru úr gildi numin lög nr. 48, 28. nóv. 1919, að því er snertir eyðing refa, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.